



Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 24. apríl 2025

Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins um tillögur að flokkun 10 vindorkuverkefna

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar tillögur að flokkun tíu vindorkukosta sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda 30. janúar 2025 (mál nr. S-7/2025).

Líkt og rakið er í meðfylgjandi greinargerð er um að ræða tillögur um flokkun tíu vindorkuverkefna, þ.e. Alviðru, Garpsdal, Hnotastein, Hrútavirkjun, Hrútmúlavirkjun, Mosfellsheiðarvirkjun I, Mosfellsheiðarvirkjun II, Reykjanesgarði, Sólheimum og Vindheimavirkjun, sem verkefnastjórn 5. áfanga rammaáætlunar hefur lagt fram. Áður hafði verkefnastjórn lagt til að færa þrjá af ofangreindum kostum (Alviðra, Garpsdalur og Vindheimar) í nýtingarflokk í 4. áfanga rammaáætlunar en nú hafa þeir verið færðir aftur í biðflokk. Fjórir faghópar unnu að greiningu og mati áhrifa verkefnanna. Faghópur eitt lagði mat á náttúru, menningarminjar og landslag, faghópur tvö ferðaþjónustu, útivist og landbúnað, faghópur þrjú samfélagsleg áhrif og faghópur fjögur hagkvæmni og arðsemi.

Samtökin skiluðu umsögn um málið á fyrri stigum (mál nr. S-229/2024) þar sem lýst var yfir vonbrigðum með áframhaldandi biðstöðu á vindorkuverkefnum hérlandis. Ekki hafa átt sér stað breytingar á flokkun ofangreindra virkjunarkosta og eru það vonbrigði sérstaklega með tilliti til stöðu raforkumála og þeirrar staðreyndar að raforkuframboð hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins síðustu ár og við blasir að raforkuöryggi er ógnað.

Raforkuöryggi

Raforkuöryggi er undirstaða nútímasamfélags og er nú ógnað á Íslandi, þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar samtakanna undanfarin ár. Nýleg raforkuspá Landsnets sýnir að eftirspurn mun aukast um allt að 116% til ársins 2050, aðallega vegna orkuskipta í samgöngum. Spár benda til raforkuskorts bæði fram til 2029 og aftur eftir 2040. Um 60% fyrirhugaðrar aukningar á að koma frá vindorku, þar með talið 2,7 TWst frá 2028-2030. Mikilvægir vindorkukostir sem áður voru í nýtingarflokki en hafa verið færðir í biðflokk eru líklega hluti þessarar áætlunar, og töf á þeim mun lengja tímabil raforkuskorts.

Orka er grundvöllur hagsældar og lífsgæða. Með fjölgun íbúa, nýrri atvinnustarfsemi og orkuskiptum eykst raforkuþörfin stöðugt. Fjölbreytni í orkugjöfum eykur öryggi og sveigjanleika raforkukerfisins. Til að uppfylla loftslagsmarkmið þarf Ísland að auka raforkuframleiðslu um 16 TWst fram til 2050. Þar sem ekki eru nægilega margir virkjanakostir í nýtingarflokki til að mæta þessari þörf, er nauðsynlegt að skoða alla mögulega virkjanakosti sem styðja bæði orkuöryggi og umhverfismarkmið. Fjölbreyttir raforkugjafar auka öryggi í



raforkumálum Íslands. Landið býr yfir þremur umhverfisvænum raforkugjöfum: jarðvarma, vatnsafl og vindorku, sem skapað geta sterkan grundvöll fyrir græna raforkuframleiðslu. Nýlegar náttúruhamfarir hafa leitt til óvissu í raforkumálum og sýnt fram á nauðsyn sveigjanleika og fjölbreytni innan kerfisins. Með fjölbreyttum raforkukostum eykst viðnámsþróttur raforkukerfisins gagnvart ófyrirséðum áföllum og tryggt er að landið geti áfram mætt raforkuþörf sinni á sjálfbæran hátt. Ísland býður upp á kjöraðstæður fyrir vindorkuframleiðslu vegna hagstæðra veðurskilyrða, enda meðal vindasömustu svæða í heimi. Vindorkuver eru rótgróin tækni með umtalsverða rekstrarreynslu á heimsvísu. Einn helsti kostur vindorkuvera er að þau eru fullkomlega afturkræf - hægt er að fjarlægja þau án varanlegra umhverfisáhrifa. Vindorka hefur fjölmarga aðra kosti. Hún eykur orkuöryggi landsins, mætir vaxandi eftirspurn eftir raforku, styður við orkuskipti, styrkir árangur í loftslagsmálum og eykur sveigjanleika í rekstri annarra virkjana. Vegna þess hve auðvelt er að fjarlægja vindorkuver ef sátt næst ekki um rekstur þeirra, væri rétt að endurskoða stöðu vindorku innan rammaáætlunar, eins og áður hefur verið bent á. Að því sögðu er þó mikilvægt að huga að sátt við nærumhverfi þegar kemur að byggingu vindorkuvera á Íslandi. Útfærsla og samhengi við aðra starfsemi á svæðinu skiptir að sjálfsögðu máli og mikilvægt er að stíga varlega til jarðar svo sátt geti skapast um fjölbreytta virkjanakosti hérlandis.

Vinna faghópa

Samtökin hafa nokkrar athugasemdir við fagvinnuna sem liggur að baki tillögunum. Sem dæmi má nefna að í skýrslu faghóps þrjú er vísað í viðtöl við sveitarstjórnarfólk og hagaðila. Þó skoðanir hagaðila fái ágætis umfjöllun í skýrslunni, kemur hvergi fram hverjir þessir aðilar eru né hverra hagsmuna þeir gæta. Þá vakna spurningar um hvað sé eðlilegt að hið opinbera meti. Þetta sést vel í vinnu faghóps 4, sem gerir tilraun til að meta hagkvæmni og arðsemi verkefnanna út frá samræmdum forsendum, en gögn frá virkjunaraðilum eru talin of almenn til að raða verkefnum með markvissum hætti. Eðli markaðarins er að fjármagn leitar til verkefna sem talin eru hagkvæm og því má velta upp hvort yfir höfuð sé nauðsynlegt að meta arðsemi með þeim hætti sem ráð er gert fyrir. Samtökin vilja árétta mikilvægi þess að meta áhrif á fuglalíf, sjónræn áhrif og samfélagsleg áhrif, þar með talið samráð við nærsamfélög. Hins vegar er vert að benda á að fyrirtæki hafa þegar unnið að fjölda mótvægisáðgerða til að bregðast við þessum áskorunum, en þeim eru ekki gerð skil í vinnu faghópanna. Síðast en ekki síst er svo ítrekað vísað til skorts á gögnum, þrátt fyrir að fjöldi skýrsla og greininga liggi fyrir sem hefðu getað nýst vel, til dæmis greiningar frá Landsneti.



Athygli vekur að tillögurnar virðast ekki uppfylla ákvæði laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, þar sem ekki hefur farið fram efnahagslegt mat á virkjanakostum líkt og kveðið er á um í 3. gr. Laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Þetta er mikilvægur þáttur sem þarf að bæta úr áður en hægt er að leggja tillögurnar fram til frekari umfjöllunar.

Samtökin leggja áherslu á mikilvægi þess að tryggja framgang orkuskipta og uppbyggingu raforkukerfis Íslands. Tilfærsla virkjanakosta úr nýtingarflokki í biðflokk getur haft áhrif á getu atvinnulífsins til að ná settum markmiðum í loftslagsmálum og orkuskiptum og hamlað verðmætasköpun. Samtökin telja því mikilvægt að tillögurnar verði endurskoðaðar með hliðsjón af lagalegum kröfum og þörfum samfélagsins fyrir aukna raforku. Mikilvægt er að tekið verði tillit til þeirra mótvægisáðgerða sem fyrirtæki hafa þegar unnið að og að áfram verði unnið með slíkar áðgerðir í góðu samstarfi við hagaðila. Með því móti er hægt að styðja betur við þá grænu umbreytingu sem fram undan er í íslensku samfélagi og tryggja að Ísland nái sínum metnaðarfullu markmiðum í loftslagsmálum.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Kristín Þöll S. Sigurðardóttir

f.h. Samtaka iðnaðarins

Lilja Björk Guðmundsdóttir